

Össur hf

Árshlutareikningur samstæðu
30. júní 2003

Össur hf.
Grjóthálsi 5
110 Reykjavík

kt. 560271-0189

Efnisyfirlit

Áritun stjórnar	2
Kennitölur	3
Áritun endurskoðenda	4
Rekstrarreikningur 1. janúar – 30. júní 2003	5
Efnahagsreikningur 30. júní 2003	6
Sjóðstreymi 1. janúar – 30. júní 2003	8
Yfirlit yfir eigið fé 1. janúar 2002 – 30. júní 2003	9
Skýringar	10

Áritun stjórnar

Að álit stjórnar og forstjóra Össurar hf. koma fram í árshlutareikningi þessum þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu samstæðu Össurar hf. þann 30. júní 2003, rekstrarárangri tímabilsins 1. janúar - 30. júní 2003 og fjárhagslegri þróun á tímabilinu.

Stjórn og forstjóri Össurar hf. staðfesta hér með árshlutareikning samstæðu Össurar hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2003 með undirritun sinni.

Reykjavík, 23. júlí 2003

Í stjórn

Pétur Guðmundarson
stjórnarformaður

Össur Kristinsson

Bengt Kjell

Gunnar Stefánsson

Heimir Haraldsson

Kristján T. Ragnarsson

Sigurbjörn Þorkelsson

Forstjóri

Jón Sigurðsson

Kennitölur

Samstæða Össurar hf.

		30.6.2003	30.6.2002	2002	2001	2000	1999
Vöxtur							
Sala	USD '000	44.418	39.816	81.284	68.380	45.682	17.933
Hagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)	USD '000	5.848	5.732	14.310	12.973	8.904	3.361
Rekstrarhagnaður	USD '000	4.519	4.532	11.501	10.889	7.560	2.891
Hagnaður ⁽¹⁾	USD '000	3.312	3.620	10.056	8.632	5.188	1.925
Fjármunir	USD '000	85.825	67.199	71.425	58.201	56.851	24.307
Rekstrarfjármögnun							
Handbært fé frá rekstri	USD '000	4.916	997	10.503	10.359	5.797	3.243
- í hlutfalli við heildarskuldir ⁽²⁾	%	39	24	36	36	30	67
- í hlutfalli við hagnað		1,5	0,3	1,0	1,2	1,1	1,7
Hreint veltufé frá rekstri	USD '000	5.354	5.547	14.661	10.771	8.557	2.598
- í hlutfalli við langtímafjármagn ⁽²⁾	%	24	26	30	27	25	19
Fjárhagslegt jafnvægi							
Lausafjárhlutfall		2,8	1,3	1,5	1,2	1,1	1,5
Veltufjárhlutfall		3,5	2,0	2,3	1,9	1,5	2,2
Eiginfjárhlutfall	%	51	50	56	52	45	79
Nýting fjármagns							
Veltuhraði fjármagns ⁽²⁾	Skipti	1,1	1,2	1,3	1,3	1,1	1,1
Veittur gjaldfrestur ⁽²⁾	Dagar	52	53	44	44	50	40
Arðsemi							
Arðsemi heildarfjármagns eftir skatta ^(1,2)	%	17	19	20	19	8	23
Arðsemi eigin fjármagns eftir skatta ^(1,2)	%	25	29	29	32	9	45
Hagnaður fyrir vexti sem % af veltu	%	10	12	14	16	16	16
Hagnaður fyrir skatta sem % af veltu	%	9	12	15	15	13	17
Hagnaður tímabilsins sem % af veltu ⁽¹⁾	%	7	9	12	12	11	11
Markaður							
Markaðsvirði	USD '000	220.646	210.978	219.584	158.492	255.928	116.850
V/H hlutfall ⁽¹⁾		22,6	23,7	21,8	19,4	53,0	60,8
V/I hlutfall		5,0	6,3	5,5	5,2	10,1	6,1
Fjöldi hluta	Millj.	328	328	328	328	328	212
Hagnaður á hlut (EPS) ^(1,2,3)	US Cent	3,02	2,74	3,12	2,64	1,48	0,91
Hagnaður á hlut (Diluted EPS) ^(1,2,4)	US Cent	3,01	2,73	3,10	2,63		

Skýringar

- Við útreikninga vegna ársins 2000 er miðað við hagnað af reglulegri starfsemi þar sem við á.
- Kennitölur fyrir fyrstu sex mánuði árunna 2002 og 2003 er reiknuð miðað við rekstur síðastliðna 12 mánuði.
- Hagnaður á útistandandi hlut.
- Hagnaður á útistandandi hlut að teknu tilliti til kaupréttar.
- Við útreikning á kennitölum úr ársreikningum fyrir tímabilin sem gerðir voru í íslenskum krónum hafa rekstrarliðir verið umreiknaðar í Bandaríkjadali miðað við meðalgengi hvers tímabils en efnahagsliðir miðað við lokagengi hvers tímabils.

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa í Össuri hf.

Við höfum kannað árshlutareikning samstæðu Össurar hf. og dótturfyrirtækja fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2003. Samstæðureikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi, yfirlit yfir eigið fé og skýringar. Samstæðureikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á samstæðureikningnum á grundvelli könnunarinnar. Árshlutareikningar erlendra dótturfélaga hafa verið kannaðir af endurskoðendum erlendra samstarfsfyrirtækja okkar.

Könnun okkar fólst í skoðun gagna sem árshlutareikningarnir eru byggðir á, fyrirspurnum og greiningu á helstu liðum reikningsskilanna. Könnunin felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun, sem hefur það að markmiði að gefið sé álit á ársreikningi. Þar af leiðandi látum við slíkt álit ekki í ljós.

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árshlutareikningur samstæðu Össurar hf. gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2003, efnahag í lok tímabilsins, og breytingum á fjárhagslegri skipan, í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 23. júlí 2003

Deloitte & Touche hf.

Heimir Þorsteinsson
endurskoðandi

Þorvarður Gunnarsson
endurskoðandi

Rekstrarreikningur tímabilsins 1. janúar - 30. júní 2003

		Samstæða í þúsundum USD			
		2003	2002	2003	2002
Skýr.		1.1. - 30.6	1.1. - 30.6	1.4. - 30.6	1.4. - 30.6
Sala	4	44.418	39.816	22.726	21.223
Kostnaðarverð seldra vara		<u>(18.148)</u>	<u>(16.090)</u>	<u>(9.019)</u>	<u>(8.595)</u>
Framlegð		26.270	23.726	13.707	12.628
Aðrar rekstrartekjur		104	329	22	107
Sölu- og markaðskostnaður		(9.885)	(9.089)	(5.013)	(4.891)
Þróunarkostnaður		(4.852)	(3.575)	(2.595)	(1.557)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		<u>(7.118)</u>	<u>(6.859)</u>	<u>(3.572)</u>	<u>(3.298)</u>
Rekstrarhagnaður		4.519	4.532	2.549	2.989
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	6	(373)	15	(247)	338
Tekjur frá hlutdeildarfélögum		<u>0</u>	<u>38</u>	<u>0</u>	<u>(18)</u>
Hagnaður fyrir skatta		4.146	4.585	2.302	3.309
Tekjuskattur	23	<u>(834)</u>	<u>(965)</u>	<u>(394)</u>	<u>(720)</u>
Hagnaður tímabilsins		<u><u>3.312</u></u>	<u><u>3.620</u></u>	<u><u>1.908</u></u>	<u><u>2.589</u></u>
Hagnaður á hlut	7				
Hagnaður á útistandandi hluti (US cent)		<u>3,02</u>	<u>2,74</u>	<u>0,59</u>	<u>0,80</u>
Hagnaður á útistandandi hluti að teknu tilliti til kaupréttta (US cent)		<u>3,01</u>	<u>2,73</u>	<u>0,59</u>	<u>0,80</u>

Efnahagsreikningur

Eignir

	Skýr.	Samstæða í þúsundum USD	
		30.6.2003	31.12.2002
Fastafjármunir			
Fasteignir og lóðir	8	3.229	3.067
Aðrir varanlegir rekstrarfjármunir	8	7.827	7.153
Aðrar óefnislegar eignir	9	720	751
Skuldabréf og aðrar langtímakröfur	11	520	523
Fjárfestingaverðbréf	12	447	410
Reiknuð skattinneign	23	20.476	20.932
		<u>33.219</u>	<u>32.836</u>
Veltufjármunir			
Vörubirgðir	13	11.266	12.358
Viðskiptakröfur	14	13.582	12.403
Aðrar skammtímakröfur		2.173	1.562
Markaðsverðbréf	15	1.283	1.190
Sjóður og bankainnstæður		24.302	11.076
		<u>52.606</u>	<u>38.589</u>
	Eignir	<u>85.825</u>	<u>71.425</u>

30. júní 2003

Eigið fé og skuldir

		Samstæða í þúsundum USD	
	Skýr.	30.6.2003	31.12.2002
Eigið fé			
Hlutfé	16	3.130	3.123
Varasjóðir	17	27.226	26.903
Þýðingarmunur	18	1.096	368
Óráðstafað eigið fé	19	12.719	9.467
		<u>44.171</u>	<u>39.861</u>
Langtímaskuldir			
Skuldir við lánastofnanir	20	24.944	11.528
Fjármögnunarleigusamningar	21	855	1.016
Aðrar langtímaskuldir	22	378	1.341
Tekjuskattsskuldbindingar	23	651	742
		<u>26.828</u>	<u>14.627</u>
Skammtímaskuldir			
Næsta árs afborganir langtímaskulda	24	2.896	5.132
Viðskiptaskuldir		2.778	2.927
Ógreiddir áætlaðir skattar		989	1.280
Aðrar skammtímaskuldir		7.854	7.288
Skuldbindingar	25	309	310
		<u>14.826</u>	<u>16.937</u>
Eigið fé og skuldir		<u>85.825</u>	<u>71.425</u>

Sjóðstreymi tímabilsins 1. janúar - 30. júní 2003

		Samstæða í þúsundum USD	
		2003	2002
	Skýr.	1.1. - 30.6	1.1. - 30.6
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður tímabilsins		3.312	3.620
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi			
Afskriftir	8,9	1.329	1.200
Verðbreytingar og gengismunur.....		187	60
(Hagnaður) tap af sölu eigna.....		(4)	12
Reiknaður tekjuskattur.....		530	693
Hlutdeild í hagnaði (tapi) hlutdeildarfélaga.....		0	(38)
Veltufé frá rekstri		5.354	5.547
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum			
Vörubirgðir, lækkun (hækkun).....		1.638	(1.651)
Skammtímakröfur, (hækkun).....		(1.336)	(4.090)
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun		(740)	1.191
Handbært fé frá rekstri		4.916	997
Fjárfestingarhreyfingar			
Keyptir fastafjármunir		(2.101)	(2.377)
Seldir fastafjármunir		95	71
Fjárfestingar í skuldabréfum og öðrum langtímakröfum		(115)	(6)
Afborganir skuldabréfa og annarra langtímakrafna		167	5
Kaup á fjárfestingaverðbréfum		(5)	0
Sala á fjárfestingaverðbréfum		11	0
Kaup á markaðsverðbréfum		(2.972)	(2.591)
Sala á markaðsverðbréfum		2.876	2.764
Fjárfestingarhreyfingar		(2.044)	(2.134)
Fjármögnunarhreyfingar			
Nýjar langtímaskuldir		20.000	5.227
Afborganir langtímaskulda		(9.861)	(2.635)
Afborganir skammtímalána		0	(901)
Keypt eigin bréf		0	(1.968)
Seld eigin bréf		0	1.589
Seldir eigin hlutir vegna kaupréttarsamninga		61	52
Fjármögnunarhreyfingar		10.200	1.364
Hækkun handbærs fjár		13.072	227
Áhrif gengisumreiknings dótturfélaga		154	198
Handbært fé í upphafi ársins		11.076	5.544
Handbært fé í lok tímabilsins		24.302	5.969

Skýring um sjóðstreymi

26

Yfirlit yfir eigið fé 1. janúar 2002 - 30. júní 2003

	Hlutfé	Varasjóðir	Þýðingarmunur	Óraðstafað eigið fé	Samtals
Staða 1. janúar 2002.....	3.142	27.406	0	0	30.548
Þýðingarmunur á erlendum eignarhlutum.....			368		368
Afkoma sem birtist ekki í rekstrarreikningi.....	0	0	368	0	368
Keyptir eigin hlutir.....	(55)	(2.905)			(2.960)
Seldir eigin hlutir	29	1.559			1.588
Seldir eigin hlutir vegna kaupréttarsamninga.....	2	50			52
Afhentir eigin hlutir vegna kaupa á dótturfélögum.....	5	204			209
Hagnaður ársins.....				10.056	10.056
Tillag í lögbundinn varasjóð.....		589		(589)	0
Staða 1. janúar 2003.....	3.123	26.903	368	9.467	39.861
Þýðingarmunur á erlendum eignarhlutum.....			728		728
Afkoma sem birtist ekki í rekstrarreikningnum.....	0	0	728	0	728
Seldir eigin hlutir vegna kaupréttarsamninga.....	2	59			61
Afhentir eigin hlutir vegna kaupa á dótturfélögum.....	5	204			209
Hagnaður tímabilsins.....				3.312	3.312
Tillag í lögbundinn varasjóð.....		60		(60)	0
Staða 30. júní 2003.....	3.130	27.226	1.096	12.719	44.171

Skýringar

1. Starfsemi

Össur hf. hannar, framleiðir og selur lausnir á sviði stoðtækja og stuðningstækja. Helstu framleiðsluvörur fyrirtækisins eru hulsur, gervifætur, hnjálíðir og íhlutir ýmiskonar sem notaðir eru til framleiðslu á gervilimum. Helstu markaðssvæði fyrirtækisins eru Norður-Ameríka, Vestur-Evrópa og Japan en fyrirtækið starfrækir félög í Bandaríkjunum, Svíþjóð og Hollandi auk móðurfélagsins sem staðsett er á Íslandi.

Framleiðsla og samsetning á vörum samstæðunnar fór fram á fjórum stöðum á tímabilinu, hjá Össur North America, Inc. í Aliso Viejo, Kaliforníu, sem setur saman gervifætur, hjá Össur Engineering, Inc. í Albion, Michigan, sem framleiðir hnjálíði, hjá Mauch, Inc., Dayton, Ohio, sem framleiðir íhluti í hnjálíði og hluti til ígræðslu og hjá Össuri hf. á Íslandi, sem framleiðir hulsur, gervifætur og íhluti. Auk þessa voru framleidd stuðningstæki hjá Össur Nordic AB í Uppsölum í Svíþjóð og rekið stoðtækjaverkstæði á Íslandi.

Sala, dreifing og þjónusta í Norður Ameríku fór fram frá Össur North America, Inc., í Vestur Evrópu frá Össur Europe B.V., á Norðurlöndum frá Össur Nordic AB en aðrir markaðir voru aðallega þjónustaðir frá Össuri hf. á Íslandi og Össur North America, Inc. Á árinu 2001 var sölufyrirkomulagi breytt bæði í Evrópu og Bandaríkjunum og er nú selt beint á þeim mörkuðum í stað þess að selja í gegnum dreifiaðila.

Á árinu 2002 var skipulagi í rekstrinum og félögum samstæðunnar breytt. Öllu rannsóknar- og þróunarstarfi og framleiðslu er stýrt frá einu sviði, tæknisviði. Alþjóðlegri markaðssetningu, vörustjórnun og sölu til annarra markaða en Norður Ameríku og Vestur Evrópu er stýrt frá markaðs- og vörusviði. Staðbundin markaðssetning, sala, dreifing og þjónusta er rekin í þremur sjálfstæðum sölufyrirtækjum, Össur North America, Inc., Kaliforníu, Össur Europe B.V., Hollandi og Össur Nordic AB í Svíþjóð.

2. Uppgjörsmýnt

Í samræmi við íslensk lög nr. 25/2002 um breytingu á lögum nr. 145/1994 um bókhald, lögum nr. 144/1994 um ársreikninga og lögum nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt birtir Össur hf. reikningsskil samstæðu félagsins í Bandaríkjadöllum. Ástæða þess er að meginumfang starfsemi samstæðunnar er í Bandaríkjunum og starfrækslugjaldmiðill samstæðunnar, þ.e. sá gjaldmiðill sem ákvarðar mestar tekjur, gjöld, eignir og skuldir hennar, eru Bandaríkjadalir.

Með fyrrgreindri lagabreytingu var samstæðu Össurar hf. heimilt að birta reikningsskil félagsins í Bandaríkjadöllum frá og með 1. janúar 2002.

3. Reikningsskilaaðferðir

Árshlutareikningur samstæðu Össurar hf. er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju á Íslandi. Við gerð árshlutareikningsins er í öðrum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári.

Samstæða

Árshlutareikningur samstæðunnar tekur til árshlutareiknings móðurfélagsins og árshlutareikninga félaga sem eru undir stjórn þess (dótturfélög) á reikningsskiladegi. Ráðandi yfirstjórn á fyrirtækjunum fæst með því að móðurfélagið hefur vald til þess að ákveða fjármála- og rekstrarstefnu þeirra, í því skyni að hafa hag af rekstri þeirra.

Samstæðan er samin í samræmi við kaupverðsreglu og í því tilviki sem eignarhald í dótturfélagi er minna en 100% er færð upp hlutdeild minnihluta í eigin fé og rekstrarafkomu. Þar sem hlutdeild minnihluta nemur överulegum fjárhæðum er hún ekki sýnd sérstaklega í árshlutareikningnum.

Meðal markmiða samstæðureikningsskilanna er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er þessum stærðum því eytt innan samstæðunnar við gerð reikningsskilanna. Önnuleystur hagnaður í birgðum af viðskiptum milli félaga innan samstæðunnar er bakfærður og samsvarandi leiðréttingar gerðar á reiknuðum tekjuskatti samstæðunnar.

Skýringar

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum

Hlutdeildarfélög eru félög þar sem samstæðan er í aðstöðu til að hafa veruleg áhrif á stjórnun þeirra, með því að taka þátt í ákvarðanatöku um fjármála- og rekstrarstefnu.

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum eru færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð, en þá er hlutdeild í hagnaði eða tapi tímabilsins fært yfir rekstrarreikning samstæðunnar. Í efnahagsreikningi er færð til eignar hlutdeild í eigin fé hlutdeildarfélaga.

Skráning tekna

Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar og eignarréttur hefur færst yfir til kaupanda.

Leigusamningar

Leigusamningar eru flokkaðir sem kaupleigusamningar þegar samningsskilmálar gera ráð fyrir að verulegur hluti áhættunnar og hagur af eignarréttindum sé framseldur leigukaupa. Eignir samkvæmt kaupleigusamningi eru færðar til eignar meðal varanlegra rekstrarfjármuna og eru afskrifaðar á líftíma þeirra. Samsvarandi skuld við leigusala er færð til skuldar í efnahagsreikningi. Aðrir leigusamningar eru flokkaðir sem rekstrarleigusamningar og leigugreiðslur gjaldfærðar á því tímabili sem þær tilheyra.

Gjaldmiðlar

Viðskipti í öðrum gjaldmiðlum en Bandaríkjadöllum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í öðrum gjaldmiðlum en Bandaríkjadöllum eru umreiknaðar miðað við gengi í lok tímabilsins og gengismunur færður yfir rekstrarreikning.

Rekstrarliðir dótturfélaga, sem ekki semja reikningsskil í Bandaríkjadöllum, eru umreiknaðir í Bandaríkjadali á meðalgengi hvers ársfjórðungs en efnahagsliðir aðrir en hlutafé eru umreiknaðir í Bandaríkjadali á gengi í lok tímabilsins. Þýðingarmismunur vegna yfirfærslu reikningsskila dótturfélaga úr uppgjörsmýnt í Bandaríkjadali er færður yfir þýðingarmun meðal eigin fjár.

Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í árshlutareikninginn. Útreikningur hans byggist á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt árshlutareikningi. Tekjuskattur er reiknaður miðað við gildandi skatthlutfall í hverju landi fyrir sig.

Reiknuð skattinneign samanstendur af skattahagræði í tengslum við kaup á eignarhluta í öðrum félögum umfram bókfært eigið fé þeirra í þeim löndum þar sem slíkur kostnaður er frádráttarbær. Einnig færist með reiknaðri skattinneign skattahagræði vegna yfirfæranlegs rekstartaps sem nýfast mun á næstu árum.

Við gerð samstæðureikningsskilanna er uppsafnaður hagnaður í birgðum vegna innbyrðis viðskipta bakfærður. Áhrif bakfærslunnar á tekjuskatt eru einnig bakfærð í samstæðureikningsskilunum og færast til hækkunar á reiknaðri skattinneign. Tekjuskatturinn er reiknaður út frá gildandi skatthlutföllum í þeim löndum þar sem vörurnar eiga uppruna sinn.

Tekjuskattsskuldbinding stafar af mismun efnahagsliða í skattauppgjöri annars vegar og árshlutareikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattsstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess.

Til frádráttar reiknuðum sköttum tímabilsins í efnahagsreikningi hefur verið færður fyrirframinnheimtur fjármagnstekjuskattur.

Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt þykir að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast samstæðunni og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar á áreiðanlegan hátt.

Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði.

Kostnaður varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni á viðeigandi stað í nothæft ástand.

Fyrningar eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu. Fyrningahlutföll greinast þannig:

Fasteignir.....	5%
Innréttingar og tækjabúnaður.....	10-34%
Bifreiðar.....	10-32%
Verksmiðjuvélar og tæki.....	12-20%

Hagnaður eða tap vegna sölu eignar er mismunur milli söluverðs og bókfærðs verðs eignarinnar á söludegi.

Aðrar óefnislegar eignir

Reikningsliðurinn inniheldur þróunarkostnað frá fyrri árum og kostnað við öflun einkaleyfa fyrir framleiðsluvörur samstæðunnar. Keypt framleiðsluþekking og tæknilegar lausnir eru einnig eignfærðar meðal óefnislegra eigna. Eignir þessar eru afskrifaðar um 10-20% á ári. Allur þróunarkostnaður og kostnaður vegna einkaleyfa sem féll til á tímabilinu er gjaldfærður í rekstrarreikningi.

Verðbréf

Skuldabréf og aðrar langtímakröfur eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Önnur verðbréf eru flokkuð sem fjárfestingaverðbréf eða markaðsverðbréf. Verðbréf þessi eru metin á skráðu markaðsverði á uppgjörssdegi. Ef markaðsverð er ekki þekkt eru bréfin metin á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni. Verðbreytingar fjárfestingaverðbréfa og markaðsverðbréfa eru færðar meðal fjármunaliða í rekstrarreikningi.

Birgðir

Vörubirgðir eru metnar við kostnaðarverði/framleiðslukostnaðarverði eða dagverði hvort sem lægra reynist, að teknu tilliti til úreltra og gallaðra vara. Framleiðslukostnaður inniheldur hráefni, launakostnað og óbeinan kostnað vegna framleiðslunnar.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar og niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast ef kröfur reynast ekki innheimtanlegar.

Skýringar

Kaupréttarsamningar og skuldbindingar um hækkun hlutafjár

Samstæðan hefur gert kaupréttarsamninga við stjórnendur, starfsmenn og aðra aðila tengda rekstrinum. Ennfremur hefur hluti kaupverðs á fyrirtækjum sem samstæðan hefur keypt verið bundið skilyrðum um tiltekinn árangur. Framangreindir samningar fela í sér skuldbindingar um hækkun hlutafjár í framtíðinni.

Sú reikningsskilaaðferð hefur verið viðhöfð að færa mismun á markaðsverði og kaupréttarverði á samningsdegi til hækkunar á kaupverði þeirra félaga sem samstæðan hefur keypt eða hlutfallslega til gjalda á samningstímanum þar til fyrst er heimilt að nýta kaupréttinn. Í þeim tilvikum sem markaðsverð á samningsdegi hefur verið jafnt eða lægra en kaupréttarverð hefur engin bókun átt sér stað.

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð yfir rekstrarreikning á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

Skuldbindingar

Skuldbindingar vegna vöruábyrgða eru færðar á söluþegi viðeigandi vara og metnar af stjórnendum m.t.t. áætlaðs fjárútreymi sem ábyrgðirnar kunna að valda í framtíðinni.

Skuldbindingar vegna endurskipulagningar eru færðar þegar útbúin hefur verið formleg áætlun um endurskipulagninguna og hún hefur verið kynnt þeim aðilum sem málið varðar.

4. Sala

Sala samstæðunnar greinist þannig eftir mörkuðum:

	1.1.-30.6.2003	1.1.-30.6.2002
Norður Ameríka.....	22.611	23.093
Evrópa.....	18.915	14.334
Aðrir markaðir.....	2.892	2.389
	<u>44.418</u>	<u>39.816</u>

Sala samstæðunnar greinist þannig eftir vörutegundum:

	1.1.-30.6.2003	1.1.-30.6.2002
Stoðtæki.....	39.485	35.834
Stuðningstæki.....	3.401	1.995
Annað.....	1.532	1.987
	<u>44.418</u>	<u>39.816</u>

5. Laun og launatengd gjöld

	1.1.-30.6.2003	1.1.-30.6.2002
Laun.....	11.690	8.832
Launatengd gjöld.....	3.962	3.530
	<u>15.652</u>	<u>12.362</u>
Meðalfjöldi starfa.....	457	399

Skýringar

Laun og launatengd gjöld skiptast þannig á rekstrarliði:

	1.1.-30.6.2003	1.1.-30.6.2002
Kostnaðarverð seldra vara.....	5.413	4.281
Sölu- og markaðskostnaður.....	5.218	3.722
Þróunarkostnaður.....	2.117	2.084
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.....	2.904	2.275
	<u>15.652</u>	<u>12.362</u>

6. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Fjármunatekjur:	1.1.-30.6.2003	1.1.-30.6.2002
Vaxtatekjur af bankareikningum.....	46	18
Hagnaður af skuldabréfum og öðrum langtímakröfum.....	49	33
Hagnaður (tap) af fjárfestingaverðbréfum.....	43	(78)
(Tap) hagnaður af markaðsverðbréfum.....	(3)	40
Aðrar vaxtatekjur.....	28	3
	<u>163</u>	<u>16</u>
Fjármagnsgjöld:		
Vaxtagjöld af bankalánum.....	(455)	(443)
Vaxtagjöld af fjármögnunarleigusamningum.....	(31)	(44)
Önnur vaxtagjöld.....	(33)	(70)
	<u>(519)</u>	<u>(557)</u>
Gengismunur.....	(17)	556
	<u>(373)</u>	<u>15</u>

7. Hagnaður á hlut

Hagnaður á hvern hlut útistandandi hlutafjár er reiknaður miðað við eftirfarandi forsendur:

	30.6.2003	30.6.2002
Hagnaður síðustu 12 mánaða.....	<u>9.748</u>	<u>8.891</u>
Vegið meðaltal útistandandi hluta síðustu 12 mánaða (í þúsundum).....	<u>322.513</u>	<u>324.490</u>
Vegið meðaltal útistandandi hluta að teknu tilliti til kaupréttá (í þúsundum).....	<u>323.719</u>	<u>325.691</u>
Hagnaður á útistandandi hlut (US cent)	3,02	2,74
Hagnaður á útistandandi hlut að teknu tilliti til kaupréttá (US cent)	3,01	2,73
	<u>1.4.-30.6.2003</u>	<u>1.4.-30.6.2002</u>
Hagnaður ársfjórðungsins.....	<u>1.908</u>	<u>2.589</u>
Vegið meðaltal útistandandi hluta síðustu 3 mánaða (í þúsundum).....	<u>322.931</u>	<u>322.517</u>
Vegið meðaltal útistandandi hluta að teknu tilliti til kaupréttá (í þúsundum).....	<u>324.134</u>	<u>323.724</u>
Hagnaður á útistandandi hlut (US cent)	0,59	0,80
Hagnaður á útistandandi hlut að teknu tilliti til kaupréttá (US cent)	0,59	0,80

Skýringar

8. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Fasteignir og lóðir	Bifreiðar	Vélar	Innréttingar og skrifstofub.	Samtals
Kostnaðarverð					
1. janúar 2003.....	3.634	166	8.881	4.802	17.483
Viðbætur.....	242		1.651	208	2.101
Gengismunur.....	18		90	18	126
Selt.....		(26)	(168)		(194)
30. júní 2003.....	3.894	140	10.454	5.028	19.516
Afskriftir					
1. janúar 2003.....	567	53	4.099	2.544	7.263
Gjaldfært á tímabilinu.....	92	11	686	464	1.253
Gengismunur.....	6		35	6	47
Fært út vegna sölu.....		(4)	(99)		(103)
30. júní 2003.....	665	60	4.721	3.014	8.460
Bókfært verð					
30. júní 2003.....	3.229	80	5.733	2.014	11.056
31. desember 2002.....	3.067	113	4.782	2.258	10.220

Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna skiptast þannig á rekstrarliði:

	1.1.-30.6.2003	1.1.-30.6.2002
Kostnaðarverð seldra vara.....	599	448
Sölu- og markaðskostnaður.....	27	39
Þróunarkostnaður.....	136	153
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.....	491	522
	1.253	1.162

9. Aðrar óefnislegar eignir

	1.1.-30.6.2003
Kostnaðarverð	
1. janúar 2003.....	1.255
Gengismunur.....	49
30. júní 2003.....	1.304
Afskriftir	
1. janúar 2003.....	504
Gengismunur.....	4
Gjaldfært á tímabilinu.....	76
30. júní 2003.....	584
Bókfært verð	
30. júní 2003.....	720
31. desember 2002.....	751

Skýringar

Afskriftir annarra óefnislegra eigna skiptist þannig á rekstrarliði:

	1.1.-30.6.2003	1.1.-30.6.2002
Þróunarkostnaður.....	58	15
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.....	18	23
	<u>76</u>	<u>38</u>

10. Samstæðan

Samstæðureikningsskil Össurar hf. taka til þessara dótturfélaga:

	Eignarhluti
Össur Holding, AB.....	100%
Össur Nordic, AB.....	100%
Össur Nordic, AS.....	100%
Össur Engineering, AB.....	100%
PI Protesindustri, AB.....	100%
PI Medical, ApS.....	100%
Empower Health Care Solution, AB.....	100%
Mega Hali Med, AB.....	100%
PI Medical, AB.....	100%
Protese Industri Medical, AS.....	100%
Össur Holdings, Inc.....	100%
Össur Engineering, Inc.....	100%
Century XXII Engineering, Inc.....	100%
Össur North America, Inc.....	100%
Mauch, Inc.....	100%
Össur USA, Inc.....	100%
OR Capital, Inc.....	100%
Össur stoðtæki hf.....	90%
Össur UK, Ltd.....	100%
Össur Europe, BV.....	100%

Össur hf. rekur einnig fjármálaútibú í Sviss sem hefur umsjón með lánveitingum innan samstæðunnar.

Í byrjun júlí 2003 festi Össur hf. kaup á sænska stoðtækjafyrirtækinu Linea Orthopedics. Linea Orthopedics er á þróunarstigi, en hannar og framleiðir hátækni útlitslausnir fyrir gervihendur. Starfsemi Linea orthopedics verður flutt til Íslands í byrjun næsta árs. Engar færslur vegna kaupanna hafa verið færðar í árshlutareikningnum, að undanskildum beinum kostnaði að fjárhæð 19 þúsund Bandaríkjadöllum sem færðir eru sem fyrirframgreiðsla meðal annarra skammtímakrafna.

11. Skuldabréf og aðrar langtímakröfur

	1.1.-30.6.2003
1. janúar 2003.....	523
Fjárfestingar tímabilsins.....	115
Afborganir.....	(167)
Gengismunur.....	<u>49</u>
30. júní 2003.....	<u>520</u>

Skýringar

12. Fjárfestingaverðbréf

	<u>1.1.-30.6.2003</u>
1. janúar 2003.....	410
Keypt á tímabilinu.....	5
Selt á tímabilinu.....	(11)
Verðbreytingar og gengismunur.....	43
30. júní 2003.....	<u>447</u>

13. Vörubirgðir

	<u>30.6.2003</u>	<u>31.12.2002</u>
Hráefni.....	5.103	5.764
Vörur í vinnslu.....	373	292
Fullunnar vörur.....	5.790	6.302
	<u>11.266</u>	<u>12.358</u>

Við gerð samstæðureikningsskilanna var uppsafnaður hagnaður í birgðum vegna innbyrðis viðskipta samstæðunnar bakfærður að fjárhæð 4.935 þúsund Bandaríkjadöllum. Áhrif bakfærslunnar á tekjuskatt nemur 1.298 þúsund Bandaríkjadöllum sem eru einnig bakfærðir í samstæðureikningsskilunum.

14. Viðskiptakröfur

	<u>30.6.2003</u>	<u>31.12.2002</u>
Nafnverð viðskiptakrafna.....	14.918	14.132
Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast.....	(818)	(1.210)
Niðurfærsla vegna hugsanlegra vöruskila.....	(518)	(519)
	<u>13.582</u>	<u>12.403</u>

15. Markaðsverðbréf

	<u>1.1.-30.6.2003</u>
1. janúar 2003.....	1.190
Keypt á tímabilinu.....	2.972
Selt á tímabilinu.....	(2.876)
Verðbreytingar og gengismunur.....	(3)
30. júní 2003.....	<u>1.283</u>

Skýringar

16. Hlutfé

Hlutfé greinist þannig í milljónum hluta og þúsundum Bandaríkjadala:

	Hlutir	Hlutfall	Fjárhæð
Hlutfé í lok tímabilsins.....	323,0	98,4%	3.130
Eigin hlutir í lok tímabilsins.....	5,4	1,6%	53
	328,4	100%	3.183

Útgefnir hlutir í lok ársins eru alls 328.441.000 og er nafnverð hvers hlutar ein íslensk króna. Á hluthafafundi þann 6. júní 2002 var samþykkt að breyta hlutabréfum Össurar hf. úr íslenskum krónum í Bandaríkjadali og stjórn félagsins falið að sjá um framkvæmd þess og verður það gert um leið og tæknileg vandamál í viðskiptakerfi bankanna hafa verið leyst.

17. Varasjóðir

	Yfirverðs- reikningur	Lögbundinn varasjóður	Samtals
1. janúar 2002.....	27.259	147	27.406
Keyptir eigin hlutir.....	(2.905)		(2.905)
Seldir eigin hlutir.....	1.559		1.559
Seldir eigin hlutir vegna kaupréttarsamninga.....	50		50
Afhentir eigin hlutir vegna kaupa á dótturfélögum.....	204		204
Flutt frá óráðstöfuðu eigin fé.....		589	589
1. janúar 2003.....	26.167	736	26.903
Seldir eigin hlutir vegna kaupréttarsamninga.....	59		59
Afhentir eigin hlutir vegna kaupa á dótturfélögum.....	204		204
Flutt frá óráðstöfuðu eigin fé.....		60	60
30. júní 2003.....	26.430	796	27.226

18. Þýðingarmunur

	Þýðingar- munur
1. janúar 2002.....	0
Þýðingarmunur á dótturfélögum.....	341
Þýðingarmunur á hlutdeildarfélagum.....	27
1. janúar 2003.....	368
Þýðingarmunur á dótturfélögum.....	728
30. júní 2003.....	1.096

Skýringar

19. Óráðstafað eigið fé

	Óráðstafað eigið fé
1. janúar 2002.....	0
Tillag í lögbundinn varasjóð.....	(589)
Hagnaður ársins.....	10.056
1. janúar 2003.....	9.467
Tillag í lögbundinn varasjóð.....	(60)
Hagnaður tímabilsins.....	3.312
30. júní 2003.....	12.719

20. Skuldir við lánastofnanir

	Eftirstöðvar	
	30.6.2003	31.12.2002
Skuldir í USD.....	16.000	9.249
Skuldir í EUR.....	9.748	5.654
Skuldir í ISK.....	35	43
	25.783	14.946
Næsta árs afborganir.....	(839)	(3.418)
Skuldir við lánastofnanir.....	24.944	11.528
Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu tímabil:		
Afborganir 1.7.2003-30.6.2004 / 2003.....	839	3.418
Afborganir 1.7.2004-30.6.2005 / 2004.....	839	7.382
Afborganir 1.7.2005-30.6.2006 / 2005.....	821	754
Afborganir 1.7.2006-30.6.2007 / 2006.....	821	754
Afborganir síðar	22.463	2.638
	25.783	14.946

21. Fjármögnunarleigusamningar

	Eftirstöðvar	
	30.6.2003	31.12.2002
Skuldir í USD.....	672	784
Skuldir í EUR.....	528	545
Skuldir í ISK.....	76	99
	1.276	1.428
Næsta árs afborganir.....	(421)	(412)
Fjármögnunarleigusamningar.....	855	1.016
Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu tímabil:		
Afborganir 1.7.2003-30.6.2004 / 2003.....	421	412
Afborganir 1.7.2004-30.6.2005 / 2004.....	375	390
Afborganir 1.7.2005-30.6.2006 / 2005.....	304	344
Afborganir 1.7.2006-30.6.2007 / 2006.....	176	253
Afborganir síðar	0	29
	1.276	1.428

Skýringar

22. Aðrar langtímaskuldir

	Eftirstöðvar	
	30.6.2003	31.12.2002
Skuldir í USD.....	2.014	2.643
Næsta árs afborganir.....	(1.636)	(1.302)
Aðrar langtímaskuldir.....	378	1.341
Afborganir af öðrum langtímaskuldum greinast þannig á næstu tímabil:		
Afborganir 1.7.2003-30.6.2004 / 2003.....	1.636	1.302
Afborganir 1.7.2004-30.6.2005 / 2004.....	378	969
Afborganir 1.7.2005-30.6.2006 / 2005.....	0	372
	2.014	2.643

23. Frestaður skattur

	Reiknuð skattinneign	Tekjuskatts- skuldbindingar	Samtals
1. janúar 2003.....	20.932	(742)	20.190
Reiknaður tekjuskattur tímabilsins.....	(827)	(7)	(834)
Skattur til greiðslu vegna tímabilsins.....	309	120	429
Gengismunur.....	62	(22)	40
30. júní 2003.....	20.476	(651)	19.825

24. Næsta árs afborganir langtímaskulda

	30.6.2003	31.12.2002
Skuldir við lánastofnanir.....	839	3.418
Fjármögnunarleigusamningar.....	421	412
Aðrar langtímaskuldir.....	1.636	1.302
	2.896	5.132

25. Skuldbindingar

	Vöru- ábyrgðir	Endur- skipulagning	Samtals
1. janúar 2003.....	304	6	310
Viðbót á tímabilinu.....	175	0	175
Notað á tímabilinu.....	(171)	(5)	(176)
30. júní 2003.....	308	1	309

Skuldbinding er vegna vöruábyrgða á stoðvörum sem er metin af stjórnendum m.v. reynslu fyrri ára og meðaltal iðnaðarins á gölluðum vörum.

Skuldbinding vegna endurskipulagningar tengist þróunardeild Össur Engineering Inc., en ráðist var í endurskipulagningu þar í byrjun árs 2002.

Skýringar

26. Sjóðstreymi

Í sjóðstreymi samstæðu eru áhrif gengisumreiknings sjóðstreymisyfirlita dótturfélaga sýnd sem sérstakur liður í greiningu á breytingu handbærs fjárs.

Greiddir skattar á tímabilinu námu 834 þúsund Bandaríkjadöllum. Greidd vaxtagjöld umfram vaxtatekjur námu 418 þúsund Bandaríkjadöllum á tímabilinu.

27. Samþykki árshlutareiknings

Samstæðuárshlutareikningurinn var samþykktur af forstjóra og stjórn félagsins og leyfður til birtingar þann 23. júlí 2003.